



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 03.04.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Victor Ingi Olsen (VIO). Einnig sátu fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt.
2. Greiðsla frá Garðabæ
 - Stjórninni var tilkynnt að félagið fékk 10.820.000 kr greiddar sem eingreiðslu þann 19. mars s.l. frá Garðabæ vegna verðbóta samstarfssamnings og annarra mála. Aðalstjórn Stjörnunnar bókaði sérstaklega þakklæti fyrir að verða við erindi félagsins þess efnis að greiða upphæðina út í einu lagi og fól framkvæmdastjóra að koma því á framfæri við bæjaryfirvöld.
3. Rekstraráætlanir 2014
 - Rekstraráætlanir þeirra fimm deilda sem eftir stóðu frá síðasta aðalstjórnafundi voru lagðar fram og samþykktar.
 - Lögð var fram heildarrekstraráætlun félagsins fyrir árið 2014 þar sem gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 13 m.kr.
4. Uppgjör janúar og febrúar 2014
 - Uppgjör félagsins auk allra deilda fyrir janúar og febrúar var lagt fyrir og kynnt.
 - Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir uppgjörið og var einnig rætt um að á næsta aðalstjórnafundi þá verði mánaðaruppgjör hverrar deildar lagt fram ásamt samanburði við samþykktu áætlun.
 - Einnig var fjallað um að þegar fjögurra mánaða uppgjör verður lagt fram þá verði það borið saman við fjögurra mánaða uppgjör ársins á undan.
5. Önnur mál
 - Endurskoðandi
 - Lagt var til að stjórnarmenn kalli eftir tilboðum frá löggiltum endurskoðendum fyrir næsta aðalstjórnarfund. Aðalstjórn mun síðan leggja fram tillögu um endurskoðanda á aðalfundi félagsins.
 - Framkvæmdastjóra var falið að leita eftir verðtilboði frá núverandi endurskoðanda félagsins.
 - Erindi frá sunddeild
 - Rædd var ábending sunddeildar vegna hreyfinga á fjármunum deildarinnar inn á reikninga aðalstjórnar og fyrirspurn þess efnis hvort deildin ætti að fá greidda vexti af inneign hjá aðalstjórn. Hefð hefur verið fyrir því innan félagsins að aðalstjórn hefur stýrt



sjóðstreymi félagsins með innri lántöku eins og kostur er og ekki hafa verið reiknaðir vextir af slíkum inn- eða útlánnum.

- Hnykt var á mikilvægi þess að starfsmenn hafi samráð við forsvarsmenn deilda félagsins við sjóðstýringu.
- Erindi frá knattspyrnudeild
 - Knattspyrnudeild Stjörnunnar óskaði eftir því við aðalstjórn að senda beiðni til Garðabæjar um breytingu á búningaöstöðu Samsung vallar vegna þátttöku í Evrópukeppni. Kynntar voru tillögur Baldurs Svavarssonar arkitekts um þær úrbætur sem þarf að gangast í til að fá leikheimild sem grundvallast á upplýsingum frá KSI ásamt grófri kostnaðaráætlun við framkvæmdirnar. Aðalstjórn tekur undir erindi knattspyrnudeildar og felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir gagnvart Garðabæ.
- Lántaka vegna framkvæmda á Stjörnuheimilinu
 - Rætt var um hvort UMF Stjarnan tæki lán til þess að geta ráðist í framkvæmdir á Stjörnuheimilinu út frá tillögum sem áður hefur verið fjallað um. Ákveðið var að framkvæmdastjóri fengi aðila til að gera kostnaðaráætlun í verkið og kynna á næsta aðalstjórnarfundum.
- Félagsráðsfundur
 - Farið var yfir efni næsta félagsráðsfundar.
- Íþróttastefna Garðabæjar
 - Bent var á að Íþróttastefna Garðabæjar er nú til endurskoðunar og áhugasamir hvattir til að kynna sér málið og koma ábendingum á framfæri.
- Aðalfundur
 - Lagt var til að aðalfundur félagsins fari fram þriðjudaginn 6. maí n.k. og var framkvæmdastjóra falið að halda utan um undirbúning fundarins.

18:30 Formaður vék af fundi og fól varaformanni að taka við stjórn fundarins.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Verkáætlun
 - Framkvæmdastjóri kynnti verkefnaáætlun fyrir árið 2014 þar sem tímasett voru ákveðin verkefni sem áhugi er fyrir að fara í á árinu.
- Störnukaffi í Stjörnuheimilinu
 - Kynnt var samstarf Stjörnunnar og Okkar bakarí um að fara af stað með Stjörnukaffi á fimmtudagsmorgnum þar sem öllum sem vilja býðst að koma í Stjörnuheimilið í kaffisopa og gæða sér á bakkelsi. Markmiðið er að hefja þetta verkefni fljótlega eftir páska.



- Ný heimasíða
 - Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnastöðu á nýrri heimasíðu og er stefnan sett á að hún verði kynnt á aðalfundi félagsins þann 6. maí.
- Salur og salarleiga
 - Kynnt var ráðning á starfsmanni sem kemur til með að halda utan um útleigu á salnum.
 - Nákvæmar reglur um leigu á salnum verða kynntar á næsta aðalstjórnarfundum.
- Ránargrund
 - Stjórnunni býðst til afnota húsnæði þar sem Litlu Ásar (leikskóli) hafði áður. Hugmyndin var að bjóða fimleikunum að athuga hvort þetta húsnæði gæti hentað þeim. Hins vegar er lögð áhersla á að kanna til hlýtar hvort myglusveppur sé í húsinu.
- Ýmis mál
 - Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu ákveðinna verkefna eins og breytingu á tölvupóstsmálum, tiltekt í félagsheimili, fundum sem framundan eru með deildum og ýmsu fleira.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45. Ritað J.Egils